

**Nd. 179. Frumvarp til laga [131. mál]**

um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Gils Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason.

**1. gr.**

Í stað orðanna „til ársloka 1971“ í 8. gr. laganna komi: til ársloka 1972.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 21/1969, um breyt. á lögum nr. 62/1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, gilda ákvæði 2. og 3. gr. laganna, er kveða á um heimildir til togveiða innan fiskveiðilandhelginnar, ekki lengur en til ársloka þessa árs. Af þessum sökum ákvað sjávarútvegsráðuneytið að skipa fimm manna nefnd samkvæmt tilnefningu stjórnmalaflokkanna til þess að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á nefndum lagaákvæðum.

Í nefndina voru skipaðir Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason og Gils Guðmundsson, sem jafnframt var formaður. Nefndin ræddi við allmarga aðila og sneri sér bréflaga til þeirra félagssamtaka, sem málið snertir mest, heildarsamtaka útvegsmanna og sjómanna, og reyndi á þann hátt að afla sér sem gleggstra upplýsinga um vilja þeirra.

Nefndin telur, að könnun hafi leitt í ljós, að fyrir því sé mjög almennur vilji að framlengja gildandi togveiðiheimildir lítt eða ekki breyttar um eins árs skeið, þ. e. til ársloka 1972.

Jafnframt leggur nefndin á það áherzlu — með sérstöku tilliti til fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilögsögunnar — að þegar á næsta ári fari fram gagnger heildarendurskoðun á allri þeirri löggjöf, sem tekur til hagnýtingar og verndar íslenskra fiskistofna innan fiskveiðilandhelgi.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við sjávarútvegsráðherra. Flm. eru allir þeir nefndarmenn, sem sæti eiga í neðri deild Alþingis. Fimmti nefndarmaðurinn, Jón Árm. Héðinsson, sem á sæti í efri deild, er samþykkur flutningi þessa frumvarps.